



Reykjavík 16. maí 2024

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á fylgni Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. (hér eftir sparisjóðurinn) við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í desember 2022. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í apríl 2024.

Markmið athugunarinnar var að leggja mat á áhættumat sparisjóðsins, sem og stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Könnuð var m.a. áhættuflokkun viðskiptamanna, framkvæmd áreiðanleikakannana og reglubundið eftirlit. Til viðbótar var markmið athugunarinnar að kanna atriði tengd alþjóðlegum þvingunarðgerðum, þ.e. fylgni við þágildandi lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna.

Skoðun umræddra áhættuþátta sneri í fyrsta lagi að því að leggja mat á umfjöllun og greiningar framangreindra áhættuþátta í áhættumati. Í öðru lagi var kannað hvernig viðskiptamenn sparisjóðsins voru áhættumetnir og áhættuflokkaðir og hvort áhættuflokkun byggði á greinargóðum, skýrum og ígrunduðum forsendum. Loks var kannað hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati og þeim áhættuþáttum sem teknir voru til skoðunar. Framangreind atriði voru könnuð með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í lögum nr. 140/2018. Þá voru framangreind atriði einnig könnuð með hliðsjón af reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Að lokum var kannað hvernig eftirliti með aðilum á þvingunarlistum var sinnt með hliðsjón af þágildandi lögum nr. 64/2019.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að sparisjóðurinn hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 140/2018, sbr. reglugerðir nr. 545/2019 og 745/2019 og þágildandi lögum nr. 64/2019. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og farið fram á viðeigandi úrbætur:

- Engin stefna í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka var skjalfest hjá sparisjóðnum. Framangreint var ekki talið vera í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 140/2018, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 545/2019.
- Áhættumat sparisjóðsins og aðferðafræði að baki þess var talið ábótavant. Aðferðafræði við áhættumat sparisjóðsins á starfsemi var ófullnægjandi og m.a. lágu huglægar forsendur að baki mati á líkum. Þá tók áhættumatið mið af

rekstraráhættu frekar en hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Jafnframt hafði sparisjóðurinn ekki skjalfest með skýrum hætti hvaða aðferðum hann beitti til að draga úr og stýra einstökum áhættuþáttum. Þá náðu mildunaraðferðir sparisjóðsins almennt ekki að lækka eðlislæga áhættu áhættuþátta miðað við fyrirliggjandi aðferðafræði. Loks var mat á áhættuþáttum í áhættumati sparisjóðsins tengt viðskiptamönnum, viðskiptalöndum og svæðum, vörum og þjónustu og tækni og dreifileiðum talið ófullnægjandi. Með vísan til framangreinds var áhættumat sparisjóðsins ekki talið í samræmi við 2., 3., 4., 5. og 6. mgr. 5. gr. og a- og b-lið 5. mgr. 5. gr. a. laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr., 1. og 5. mgr. 5. gr., c-lið 4. mgr. 5. gr., d- og e-lið 6. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 545/2019.

- Áhættumat sparisjóðsins á samningssamböndum og einstökum viðskiptum var talið ábótavant, þar sem ekki voru allir áhættuþættir samkvæmt aðferðafræði sparisjóðsins nýttir við áhættuflokkunina. Þá var mat á mörgum áhættuþáttum of huglægt. Með vísan til framangreinds var áhættumat sparisjóðsins á samningssamböndum og einstökum viðskiptum ekki talið í samræmi við 9. – 13. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 545/2019.
- Framkvæmd áreiðanleikakannana var talið ábótavant. Í nokkrum tilvikum lét sparisjóðurinn lögaðila ekki sanna á sér deili með upplýsingum úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegum upplýsingum auk þess sem í mörgum tilvikum var ekki búið að sannreyna og/eða meta með sjálfstæðum hætti upplýsingar um raunverulega eigendur. Þá var eftirlit sparisjóðsins með því hvort viðskiptamenn eða raunverulegir eigendur væru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla ábótavant. Með vísan til framangreinds var framkvæmd áreiðanleikakannana ekki talin í samræmi við b- og e-lið 1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana á áhættumeiri viðskiptamönnum og vegna óvenjulegra viðskipta var talið ábótavant. Ekki voru framkvæmdar auknar áreiðanleikakannanir til þess að greina hvort um grunsamleg viðskipti væri að ræða. Með vísan til framangreinds var framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana ekki talin í samræmi við c- og d-lið 1. og 3. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr. og b- og c-lið 2. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 6., 7., 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Uppfærsla áreiðanleikakannana var talið að nokkru ábótavant og ekki í samræmi við aðferðafræði sparisjóðsins við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum. Þá fylgdist sparisjóðurinn ekki með breytingum á viðskiptamönnum sem gætu haft þau áhrif að framkvæma þurfti nýja áreiðanleikakönnun. Með vísan til framangreinds var uppfærsla áreiðanleikakannana ekki talin í samræmi við 4. og 10. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 3. og 5. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019.
- Reglubundnu eftirliti með viðskiptamönnum var talið ábótavant. Ekki var til staðar fullmótað reglubundið færslueftirlit hjá sparisjóðnum auk þess sem reglubundinni skimun viðskiptamanna gagnvart listum yfir þvingunaraðgerðir og stjórnmalaleg tengsl var ábótavant. Með vísan til framangreinds var reglubundið eftirlit sparisjóðsins ekki talið í samræmi við 2. mgr. 5. gr. a. og a- og b-lið 4. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018, sbr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr.

745/2019. og 3. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 64/2019, sbr. nógildandi 3. mgr. 13. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að sparisjóðurinn myndi fela innri endurskoðun að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.